

Alþingi

Erindi nr. P 1201954

komudagur 713 1996

X. kafli laga nr. 43/1993.

Valkostur I:

Lágmarksbreytingar v. EES + lokun lánadeildar TV

Við 16. gr. Greinin orðast svo:

Eftirfarandi breytingar verða á X. kafla laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. 75. gr. komi ný málsg, svohljóðandi:

Viðskiptabankar með staðfestu hér á landi skulu eiga aðild að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag. Hlutverk hans er að tryggja innstæðueiganda skil greiðslu innstæðu sinni, sbr. 80. gr.

[Breyting frá gildandi lögum: Afdráttarlaust ákvæði um skylduaðild viðskiptabanka að sjóðnum (EES-krafa). Felld eru brott ákvæði um lánadeild og hvenær greiðsluskylða sjóðsins vaknar (sjá EES-tengt ákvæði síðar).]

b. Í stað 5. mgr. 75. gr., sem verður 4. mgr., koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ráðherra setur nánari ákvæði um Tryggingarsjóð í reglugerð, svo sem um verksvið stjórnar og ávöxtun á eignum sjóðsins.

[Breyting frá gildandi lögum: Felld brott heimild til að kveða á um tilhögun á greiðslum úr sjóðnum í reglugerð. Ákvæði þar að lútandi eru nú í 80. gr. (sjá f-lið breytingartillagnanna).]

c. 78. gr. orðast svo:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs. Hver sparissjóður fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfall innborgðs ársframlags hans af heildarársframlögum í sjóðinn síðast reikningsár fyrir aðalfund. Enginn sparissjóður má þó fara með meira en 1/10 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum. Aðalfundur setur Tryggingarsjóði samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins. Aðalfundur staðfestir ársreikning sjóðsins. Um boðun og lögmæti aðalfundar fer skv. 1. mgr. 33. gr. laga þessara.

Stjórn Tryggingarsjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda. Stjórnin skal skipuð fimm mönnum. Fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Forstöðumaður bankaftirlitsins eða varamaður hans á fast sæti í stjórn Tryggingarsjóðs. Stjórn Tryggingarsjóðs kys sér formann og skiptir með sér verkum.

Stjórn Tryggingarsjóðs hefur heimild til að rannsaka eða láta rannsaka rekstur og efnahag sparissjóðs, þar með talda framkvæmd endurskoðunar. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá sparissjóði.

Stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr.

Tryggingarsjóður sparisjóða er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt (og greiðslu aðstöðugjalds samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga).

[Breyting frá gildandi lögum: Ákvæði um Tryggingarsjóð sparisjóða í 78.-82. gr. eru sameinuð í eina grein. Ath.: 76. og 77. gr. laganna, þar sem er að finna upphafsákvæðin um skylduaðild sparisjóða að Tryggingarsjóði sparisjóða, hlutverk sjóðsins og greiðslur í sjóðinn standa óbreyttar.]

d. Á undan 79. gr. laganna kemur millifyrirsögn, svohljóðandi: C. Sameiginleg ákvæði.

e. 79. gr. laganna orðast svo:

Útibú erlendra viðskiptabanka með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins geta gerst aðilar að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Slík aðild felst þó eingöngu í því að afla viðbótartryggingar við þá tryggingu sem eigendur innstæðna í útibúinu njóta frá heimaríki hlutaðeigandi viðskiptabanka þannig að samanlögð tryggingvernd geti orðið jafngóð og hjá viðskiptabanka með staðfestu hér á landi.

Útibúum erlendra viðskiptabanka með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins er skylt að eiga aðild að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Þó er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá þessari kröfu að fenginni umsögn bankaeftirlitsins, enda sé útibúið aðili að hliðstæðu innstæðutryggingakerfi í heimaríki hlutaðeigandi viðskiptabanka.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um Tryggingarsjóð sparisjóða og útibú erlendra sparisjóða.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um aðild útibúa erlendra viðskiptabanka og sparisjóða að Tryggingarsjóði viðskiptabanka og Tryggingarsjóði sparisjóða svo og iðgjöld, greiðslu þeirra og ábyrgðaryfirlýsingar vegna trygginga samkvæmt þessari grein.

f. 80. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er innstæðueiganda að krefja Tryggingarsjóð viðskiptabanka um greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist viðskiptabanka um endurgreiðslu á í samræmi við þá skilmála er um hana gilda og hlutaðeigandi viðskiptabanki er að álit bankaeftirlitsins ekki fær um að inna hana tafarlaust af hendi eða í nánustu framtíð vegna greiðsluferfiðleika. Álit bankaeftirlitsins skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að bankaeftirlitið fær fyrst staðfestingu á því að hlutaðeigandi viðskiptabanki hafi ekki greitt innstæðu eins og honum bar að gera. Greiðsluskylda sjóðsins vaknar einnig ef ákveðið er að slíta viðskiptabanka, sbr. ákvæði VIII. kafla.

Með innstæðu er í 1. mgr. átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla og annarra krafna sem gefnar eru út af viðskiptabanka í formi verðbréfa.

Undanskildar tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður í eigu annarra viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana fyrir þeirra eigin reikning og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningþvætti.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um eftirfarandi atriði að höfðu samráði við stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka:

1. Hvernig tryggingu á innstæðum í erlendum útibúum viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu hér á landi skuli háttað. Heimilt er að kveða á um að tryggingarverndin í slíkum útibúum sé lakari en hér á landi.
2. Tilhögun á greiðslum úr sjóðnum.
3. Skyldu viðskiptabanka til að upplýsa viðskiptavinum um aðild sína að sjóðnum og um helstu atriði innstæðutryggingarinnar og jafnframt takmörkun á notkun þessara upplýsinga í samkeppnisskyni.
4. Tryggingu á innstæðu þegar um sameiginlegan innlánsreikning er að ræða eða þegar innstæðueigandi á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu.

Ákvæði 1.-4. mgr. eiga einnig við um Tryggingarsjóð sparisjóða og sparisjóði.

g. 81. gr. laganna orðast svo:

Nú hrökkva eignir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka og skal þá greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli innstæðueigenda að heildarinnstæða hvers innstæðueiganda allt að 1, 7 milljónum króna er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar 3. janúar 1995. Sjóðurinn verður ekki krafinn um frekari greiðslu þótt innstæða hafi ekki verið bætt að fullu. Kröfur um innborgun í sjóðinn á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á hverju ári ekki verið hærri en sem nemur 1/10 af lágmarksstærð sjóðsins skv. 1. mgr. Telji stjórn sjóðsins brýna ástæðu til er henni heimilt að taka lán til að greiða innstæðueigendum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til.

Komi til greiðslu úr Tryggingarsjóði viðskiptabanka yfirtekur hann kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi viðskiptabanka eða þrotabúi.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um Tryggingarsjóð sparisjóða og sparisjóði.

h. 82. gr. laganna orðast svo:

Nú uppfyllir viðskiptabanki ekki skyldur sínar gagnvart Tryggingarsjóði viðskiptabanka samkvæmt lögum þessum og skal þá stjórn hans tilkynna það ráðherra án tafar. Hann skal veita hlutaðeigandi viðskiptabanka allt að sex mánaða frest til úrbóta. Séu ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja frestinn um allt að sex mánuði til viðbótar.

Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út án þess að hlutaðeigandi viðskiptabanki hafi uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum og skal ráðherra þá afturkalla starfsleyfi hans að fengnu álit bankaeftirlitsins, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 89. gr. Ákvæði 2. mgr. 89. gr. á ekki við í slíkum tilfellum. Innstæður, sem stofnað er til áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út, skulu njóta tryggingarverndar í samræmi við ákvæði 79. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um útibú elendra viðskiptabanka hér á landi sem aðild eiga að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og skal þá bankaeftirlitið banna starfsemi þess hér á landi, sbr. 94. gr. Þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal ráðherra afturkalla starfsleyfi þess að fengnu álit bankaeftirlitsins.

Ákvæði 1.-3. mgr. eiga einnig við um Tryggingarsjóð sparisjóða, sparisjóði og útibú erlendra sparisjóða.

Ath. hvort breyta þurfi 92. gr. þannig að upphaf hennar hljóði þannig:

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi þeirra fyrirtækja og stofnana, sem lög þessi taka til, þar á meðal Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða, sé í samræmi

Valkostur II:

Róttækar breytingar

Við 16. gr. Greinin orðast svo:

X. kafli laganna orðast svo:

a. (75. gr.)

Viðskiptabankar með staðfestu hér á landi skulu eiga aðild að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Aðilar að sjóðnum bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Sparisjóðir með staðfestu hér á landi skulu eiga aðild að Tryggingarsjóði sparisjóða. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Aðilar að sjóðnum bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Tryggingarsjóðirnir starfa báðir í tveimur sjálfstæðum deildum, tryggingardeild og almennri deild, með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar.

b. (76. gr.)

Aðalfundir fara með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Sérhver aðili að sjóðunum fer á aðal- og aukafundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut hans í samanlögðum tryggðum innstæðum næstliðið ár fyrir aðalfund nema annað sé ákveðið í samþykktum þeirra. Um aðal- og aukafundi sjóðanna gilda að öðru leyti ákvæði 32.-34. gr. eftir því sem við getur átt.

Stjórnir tryggingarsjóðanna fara með málefni þeirra milli aðal- og aukafunda. Þær skulu báðar skipaðar fimm mönnum til þriggja ára í senn og jafnmörgum til vara. Þrír stjórnarmenn í hvorum sjóði ásamt jafnmörgum til vara skulu kjörnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ráðherra skipar tvo stjórnarmenn í hvorum sjóði og tvo til vara og skal annar aðalmananna vera formaður stjórnar. Nánar skal kveðið á um skipan og verkefni stjórnanna í samþykktum sjóðanna. Þær skulu staðfestar af ráðherra.

Stjórnarmenn og starfsmenn tryggingarsjóðanna eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr.

Um ársreikning og endurskoðun tryggingarsjóðanna fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla. Um eftirlit með starfsemi sjóðanna fer samkvæmt ákvæðum XIV. kafla. *(Einnig kemur til greina að setja síðara ákvæðið inn í 92. gr.)*

Tryggingarsjóðirnir eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

c. (77. gr.)

Hlutverk tryggingardeilda Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða er að tryggja innstæðueiganda skil á innstæðu sem hann hefur krafist endurgreiðslu á í samræmi við þá skilmála er um hana gilda og viðskiptabanki eða sparisjóður er að áliti bankaeftirlitsins ekki fær um að inna hana tafarlaust af hendi eða í nánustu framtíð vegna greiðsluferfiðleika. Álit bankaeftirlitsins skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að bankaeftirlitið fær fyrst staðfestingu á því að hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður hafi ekki greitt innstæðu eins og honum

bar að gera. Greiðsluskylda sjóðanna vaknar einnig ef ákveðið er að slíta viðskiptabanka, sbr. ákvæði VIII. kafla.

Með innstæðu er í 1. mgr. átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla og annarra krafna sem gefnar eru út af viðskiptabanka í formi verðbréfa.

Undanskildar tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður í eigu annarra viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana fyrir þeirra eigin reikning og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningabætti.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um eftirfarandi atriði að höfðu samráði við stjórnir tryggingarsjóðanna:

1. Hvernig tryggingu á innstæðum í erlendum útibúum viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu hér á landi skuli háttáð. Heimilt er að kveða á um að tryggingarverndin í slíkum útibúum sé lakari en hér á landi.
2. Tilhögun á greiðslum úr tryggingardeildum sjóðanna.
3. Skyldu viðskiptabanka og sparisjóða til að upplýsa viðskiptavini um aðild sína að sjóðnum og um helstu atriði innstæðutryggingarinnar og jafnframt takmörkun á notkun þessara upplýsinga í samkeppnisskyni.
4. Tryggingu á innstæðu þegar um sameiginlegan innlánsreikning er að ræða eða þegar innstæðueigandi á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu.

d. (78. gr.)

Hlutverk almennrar deildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða er að tryggja fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka og sparisjóða. Í því skyni er þeim heimilt að veita viðskiptabanka eða sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir þeirra, ganga í ábyrgðir fyrir þá, bæta sérstakt tap og kostnað sem þeir verða fyrir og veita þeim stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórnir sjóðanna ákveða í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktu sjóðanna.

Stjórnir tryggingarsjóðanna geta sett skilyrði fyrir ráðstöfun fjár samkvæmt þessari grein og jafnframt er þeim heimilt að krefja hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóð um allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru að þeirra mati.

Tryggingarsjóðunum er heimilt að taka lán með samþykki ráðherra í því skyni að fjármagna aðgerðir samkvæmt þessari grein.

Í samþykktum tryggingarsjóðanna skal kveðið nánar á um starfsemi almennu deildanna.

e. (79. gr.)

Stefnt skal að því að heildareign tryggingardeildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka nemi a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum á næstliðnu ári. Hafi heildareign ekki náð fyrrgreindu lágmarki skulu allir viðskiptabankar greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til deildarinnar er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka á næstliðnu ári. Þar til heildareign deildarinnar hefur náð tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir jafnháum hlut af þeirri fjárhæð sem á vantar til að lágmarkinu verði náð og nemur hlut tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka af samanlögðum tryggðum innstæðum. Nýr viðskiptabanki skal greiða sérstaklega til deildarinnar eigi síðar en 1. mars ár hvert í sjö ár frá því hann hefur

starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka á næstliðnu ári, í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki fram ábyrgðaryfirlýsingu ábyrgðaryfirlýsingu fyrir mismun á greiðslu til deildarinnar og þeirri fjárhæð sem svarar til 1% af tryggðum innstæðum samkvæmt nánari ákvæðum er ráðherra setur í reglugerð. Greiðslur til deildarinnar eru óendurkræfar.

Ákvæði 1. eiga einnig við um tryggingardeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og sparisjóði.

f. (80. gr.)

Nú hrökkva eignir tryggingardeildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka og skal þá greiðslu úr deildinni skipt þannig milli innstæðueigenda að heildarinnstæða hvers innstæðueiganda allt að 1,7 milljónum króna er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir deildarinnar hrökkva til. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar 3. janúar 1995. Sjóðurinn verður ekki krafinn um frekari greiðslu þótt innstæða hafi ekki verið bætt að fullu. Kröfur um greiðslu til deildarinnar á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga skv. 79. gr. og 4. mgr. 81. gr. geta á hverju ári ekki verið hærri en sem nemur 1/10 af lágmarksstærð hennar skv. 1. mgr. Telji stjórn sjóðsins brýna ástæðu til er henni heimilt að taka lán til að greiða innstæðueigendum hrökkvi eignir deildarinnar ekki til.

Komi til greiðslu úr tryggingardeild Tyggingarsjóðs viðskiptabanka yfirtekur hann kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi viðskiptabanka eða þrotabúi.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um tryggingardeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og sparisjóði.

f. (80. gr.)

Útibú erlendra viðskiptabanka með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins geta gerst aðilar að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Slík aðild felst þó eingöngu í því að afla viðbótartryggingar við þá tryggingu sem eigendur innstæðna í útibúinu njóta frá heimaríki hlutaðeigandi viðskiptabanka eða þannig tryggingin geti orðið jafngóð og hjá viðskiptabanka með staðfestu hér á landi.

Útibúum erlendra viðskiptabanka með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins er skylt að eiga aðild að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Þó er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá þessari kröfu að fenginni umsögn bankaefirlitsins, enda sé útibúið aðili að hliðstæðu innstæðutryggingakerfi í heimaríki hlutaðeigandi viðskiptabanka.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um Tryggingarsjóð sparisjóða og útibú erlendra sparisjóða.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um aðild útibúa erlendra viðskiptabanka og sparisjóða að tryggingarsjóðunum, svo og iðgjöld, greiðslu þeirra og ábyrgðaryfirlýsingar vegna trygginga samkvæmt þessari grein.

g. (81. gr.)

Nú uppfyllir viðskiptabanki ekki skyldur sínar gagnvart Tryggingarsjóði viðskiptabanka samkvæmt lögum þessum og skal þá stjórn hans tilkynna það ráðherra

án tafar. Hann skal veita hlutaðeigandi viðskiptabanka allt að sex mánaða frest til úrbóta. Séu ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja frestinn um allt að sex mánuði til viðbótar.

Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út án þess að hlutaðeigandi viðskiptabanki hafi uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum og skal ráðherra þá afturkalla starfsleyfi hans að fengnu álitu bankaeftirlitsins, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 89. gr. Ákvæði 2. mgr. 89. gr. á ekki við í slíkum tilfellum. Innstæður, sem stofnað er til áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út, skulu njóta tryggingarverndar í samræmi við ákvæði 79. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um útibú elendra viðskiptabanka hér á landi sem aðild eiga að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og skal þá bankaeftirlitið banna starfsemi þess hér á landi, sbr. 94. gr. Þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal ráðherra afturkalla starfsleyfi þess að fengnu álitu bankaeftirlitsins.

Ákvæði 1.-3. mgr. eiga einnig við um Tryggingarsjóð sparisjóða, sparisjóði og útibú erlendra sparisjóða.

Ath. hvort breyta þurfi 92. gr. þannig að upphaf hennar hljóði þannig (sjá aths. við 76. gr.):

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi þeirra fyrirtækja og stofnana, sem lög þessi taka til, þar á meðal Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða, sé í samræmi

Ath. hvort ekki sé rétt að hafa eftirfarandi í gildistökuákvæði frumvarpsins:

Samband íslenskra viðskiptabanka beitir sér fyrir stofnun sjálfseignarstofnunarinnar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka, sbr. 1. mgr. 75. gr. Eigi síðar en þremur mánuðum frá gildistöku laga þessara skulu samþykktir hennar sendar ráðherra til staðfestingar. Eigi síðar en fjórum mánuðum frá gildistöku laga þessara yfirtekur sjálfseignarstofnunin eignir innstæðudeildar núverandi Tryggingarsjóðs viðskiptabanka. Þeim skal skipt þannig að til tryggingardeildar hins nýja sjóðs renni 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum 1995, sbr. 2. mgr. 77. gr. Afgangurinn af eignum innstæðudeildar rennur til almennrar deildar hins nýja sjóðs.

Eigi síðar en þremur mánuðum frá gildistöku laga þessara skal samþykktum Tryggingarsjóðs sparisjóða breytt til samræmis við ákvæði X. kafla og þær sendar ráðherra til staðfestingar. Eigi síðar en fjórum mánuðum frá gildistöku laga þessara skal vera búið að eignum sjóðsins skipt þannig að til tryggingardeildar renni 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í sparsjóðum 1995, sbr. 2. mgr. 77. gr. Afgangurinn af eignum Tryggingarsjóðs sparisjóða rennur til almennrar deildar sjóðsins.